

1865.

8. febrúar.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um Hallormstaðar skóg¹.

Með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. ágústmán. 1862, barst dómsmálastjórninni eptirrit af prófi, sem sýslumaðurinn í Suðurmúla sýslu, er þá var, hafði haldið í nóvembermánuði 1860 útaf því, að grunur læk á um, að sèra Hjálmar sálugi Guðmundsson hefði farið ólöglega með skóga prestssetursins Hallormstaðar, og fylgdu álitsskjöl sýslumanns og prófests þess, er hlut áttu að máli, um þetta einnig með bréfi yðar. Skjöl þessi voru síðan send kirkju- og kennslustjórninni, og sendum vèr yður nú eptir beiðni hennar meðfylgjandi eptirrit af skýrslu um ástand skóganna, sem liggja undir Hallormstaðar brauð, og hefir presturinn, sem nú er þar, samið hana að tilhlutun kirkju- og kennslustjórnarinnar. Skal því bætt við, að eptir því, sem ástatt er, þykir eigi ástæða til að fara lengra úti þetta mál.

18. febrúar.

13. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um kollektusjóð Jóns Eiríkssonar handa fátækum brauðum í Hóla stípti.

Af reikningi þeim, sem þèr, háæruverðugi herra, á ári hverju hafð samið um þá 150 rd. af vöxtunum af hinum svenefnda kollektusjóði Jóns Eiríkssonar, er samkvæmt bréfi hins fyrveranda danska kansellís frá 15. aprílmán. 1841 er útbýtt til styrktar hinum fátækustu prestum í fyrveranda Hóla stípti, hefir kirkju- og kennslustjórnin sèð, að fè þessu hefir eptir uppástungu amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, sem þèr hafð fallizt á, verið útbýtt í undanfarin ár meðal 9 eða 10 fátækustu brauðanna í norðurumdæminu. Af þessu leiðir, að sá hluti, sem hvert af brauðum þessum hefir fengið, er oflítill,

¹) Smbr. Tið. um stjórnarmálefni Íslands 1. bindi, 365. bls.

1865.

18. febrúar.

til þess að hann geti bætt þau, svo nokkru muni. Vegna þessa hefir stjórnarráðið ihugað, hvort ekki mætti haga þessu á annan hátt, og þá sérilagi svo, að öllum vöxtunum af sjóði þessum sé á ári hverju varið handa prestastéttinni í stað þess að nokkrum hluta þeirra hingaðtil hefir verið bætt við innstæðuna, svo að hún nú er orðin hérumbil 6500 rd., og að vöxtunum 260 rd., sem verja mætti á hverju ári, sé skipt niður einungis á 3 eða 4 allralökustu brauðin í norðurumdæminu. Með því móti mundu tekjur þeirra aukast ekki alllitið, og mundu þá að líkindum fleiri verða til að sækja um þau.

Áður en lengra er farið úti þetta mál, eruð þér, háæruverðugi herra, beðnir um að taka það til ihugunar, og eptir að þér hafið ráðfært yður við amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu, að skýra stjórnarráðinu frá álitinu yðar um það.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um hvað til þess þurfi, að útlend skip fái einkunn innlendra skipa. 22. febrúar.

Dómsmálastjórnin hefir í dag ritað Thómasi W. Roys og G. A. Lillendahl, hvalaveiðamönnum frá Nýju-Jórvík, á þessa leið:

„Í bréfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. skýrði dómsmálastjórnin yður auk annars frá, að aðaltollstjórninni hefði verið skrifað til um það, hvað útheimtist frá yðar hálfu til þess, að skip þau, sem þér ætlið að hafa til hvalaveiða við strendurnar á Íslandi, fengju einkunn innlendra skipa.

Útaf þessu hefir aðaltollstjórnin skýrt frá, að hún sé á sama máli og dómsmálastjórnin um það, að ekki beri samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838, 49 gr. stfl. d, að greiða adkaupsgjald af skipum þeim, sem þér ætlið að koma með frá útlöndum til Íslands til þess að hafa þau til veiða þeirra, sem fyr var um rædt, meðan að þau einungis eru notuð til þessa áforms, og að, ef að þér æskið þess, að þau álitist dönsk